



MANNVIT

AÐALSKIPULAG NORÐURÞINGS 2010 – 2030 OG NÝTT DEILISKIPULAG

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag

Náma E-26 í Skurðsbrúnum við Húsavík

Skipulags- og matslýsing

Febrúar 2015



MANNVIT



Mannvit Verkfræðistofa

Urðarhvarfi 6
203 Kópavogi
Sími: 422 3000
Fax: 422 3001
@: mannvit@mannvit.is
www.mannvit.is

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	2
2.	Gildandi skipulag.....	2
3.	Forsendur og fyrirhugaðar breytingar	2
4.	Staðhættir	3
5.	Umhverfisáhrif	3
6.	Skipulagsferli.....	4
7.	Heimildir.....	5



1. Inngangur.

Sveitarfélagið Norðurþing fyrirhugar breytingar á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030. Breytingin snýr að umfangi efnistöku úr efnistökusvæði E26 eins og það er skilgreint á sveitarfélagsupprætti og í greinargerð og einnig breyttri staðsetningu. Einnig verður nýr námuvegur sýndur á sveitarfélagsupprætti. Að auki þarf að vinna nýtt deiliskipulag.

Skipulags- og matslýsing er unnin í samræmi við 1. mgr. 30. og 43. greina skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 6. greinar laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Hér á eftir er gerð grein fyrir forsendum breytingarinnar, fyrirbyggjandi stefnu og áherslum sveitarstjórnar. Auk þess er greint frá fyrirbyggjandi ákvörðunum, staðháttum, áherslum í umhverfismati og áformuðu skipulagsferli með umfjöllun um samráð og kynningar.

2. Gildandi skipulag

Gildandi aðalskipulag sem nú er áformað að breyta er Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030 og samþykkt var í desember 2010, með áorðnum síðari tíma breytingum.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir efnistökusvæði E26 en enginn aðkomuvegur er sýndur. Í kafla 23 er fjallað um efnistökusvæði og eru öll efnistökusvæði í Norðurþingi skilgreind í sérstakri töflu. Gert var ráð fyrir að nýta námur E26-E37 við gerð virkjunarveggar vegna háspennulína frá Þeistareykjavirkjun. Náma E26 Bakkaá-Eyrar er skilgreind 25.000 m² að flatarmáli og leyfilegt efnismagn er 15.000 m³.


3. Forsendur og fyrirhugaðar breytingar

Í tengslum við uppbyggingu vegar frá hafnarsvæði á Húsavík að iðnaðarsvæði á Bakka ásamt gatnagerð innan iðnaðarsvæðisins er þörf á talsverðu efni til fyllingar. Einnig þarf efni til hafnarframkvæmda á Húsavík. Samkvæmt athugun Vegagerðarinnar er efni úr námu E26 talið henta best til fyrirhugaðra framkvæmda. Breyting á aðalskipulagi felst í að breyta stærð námu og efnismagni þannig að í töflu standi 49.500 m²/149.900 m³.

Veglína verður sýnd á aðalskipulagsupprætti til upplýsingar. Um er að ræða um 2,7 km langan veg og um 7 m breiðan skv. vegflokk C7 hjá Vegagerðinni. Um er að ræða veg sem fylgir að mestu vegstæði fyrirhugaðs línuveggar vegna háspennulínu og hefur sá vegur þegar fengið umfjöllun í mati á umhverfisáhrifum háspennulínu.

Fella þarf niður grannsvæði vatnsverndar sem skilgreint er á aðalskipulagi. Grannsvæði þetta er eitt nokkurra grannsvæða sem afmörkuð hafa verið til mögulegra nota í framtíðinni hvort sem er fyrir atvinnustarfsemi eða almennra nota. Þetta tiltekna grannsvæði var afmarkað til að gæta að litlum uppsprettum Bakkaár sem fyrirhugað var að virkja til að nota á iðnaðarsvæði. Til lengri tíma er ósennilegt að efnistakan muni hafa veruleg neikvæð áhrif á uppsprettuna. Á vinnslustigi námunnar er þó ekki hægt að útiloka röskun á uppsprettum og er því lagt til að vatnsverndarákvæði verði felld út úr aðalskipulagi á þessu stigi.

Deiliskipulag mun gera grein fyrir námu og námuvegi.



Mynd 1 Mynd sem sýnir núgildandi aðalskipulag (til vinstri) og fyrirhugaðar breytingar (til hægri).

4. Staðhættir

Náman yrði staðsett norðan Húsavíkurfjalls skammt norðvestan við þann stað þar sem náman er sýnd á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags Norðurþings, í Skurðsbrúnum við Húsavík. Náman skarast við skilgreint grannsvæði vatnsverndar og þarf því að fella þá skilgreiningu úr gildi í aðalskipulagi. Námuvegur mun liggja um skilgreint landbúnaðarsvæði norðan við fyrirhugaða háspennulínu. Hækkun í landi frá þjóðvegi og að námu er rúmlega 100 m og fer veghalli upp í rúmlega 10% halla þegar mest lætur.

5. Umhverfisáhrif

Fyrirhuguð efnistaka fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. 2. viðauka tl. 2 a sem fjallar um efnistöku. Framkvæmdin fellur þar með einnig undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Í samræmi við lög um umhverfismat áætlana verður lagt mat á áhrif fyrirhugaðra breytinga. Í því mati verður m.a. stuðst við greinargerð Vegagerðarinnar um möguleg umhverfisáhrif ásamt önnur fyrirliggjandi gögn. Þeir umhverfisþættir sem verða til umfjöllunar eru eftirfarandi:

- **Ásýnd og landslag:** Breyting verður á ásýnd svæðis við opnun um 50.000 m² námu á svæði sem ekki er raskað í dag.
- **Fornleifar og menningarminjar:** Huga þarf að samspili fornleifa og menningarminja og efnistökusvæðis, og einnig námuveggar. Úttekt á fornleifum hefur farið fram á fyrri stigum í tengslum við mat á umhverfisáhrifum háspennulína.
- **Gróðurfar og fuglalíf:** Fyrirhuguð náma er staðsett í lítt grónu holti og námuvegur á svæði sem er að mestu gróid í dag. Fjallað hefur verið um þessi svæði í öðrum tengdum verkefnum og byggt á þeim gögnum verður gerð grein fyrir mögulegum áhrifum í umhverfisskýrslu.

- **Samfélag (útivist, hávaði):** Fyrirhuguð náma verður nokkuð frá þéttbýli. Fjallað verður um hávaða og ónæði sem fylgir efnisvinnslu og möguleg áhrif.
- **Jarðfræði:** Umfjöllun um jarðfræði verða byggðar á skýrslu jarðfræðings sem unnin er í tengslum við námuvinnslu. Ekki er að vænta að sérstakar jarðmyndanir séu á framkvæmdasvæði.
- **Vatnsvernd:** Náma yrði staðsett á skilgreindu grannsvæði vatnsverndar.

Fjallað verður um þá kosti sem voru til skoðunar til efnistöku vegna fyrirhugaðra framkvæmda við vega- og hafnargerð á Húsavík.

Notast verður við hugtök sem fram koma í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umfang og vægi áhrifa í samhengi við nákvæmni skipulagsstigsins. Áhrif verða metin jákvæð, neikvæð eða óvæð. Getið verður sérstaklega um óvissu.

Í samræmi við umhverfismat áætlana verður greint nánar frá umhverfisáhrifum í umhverfisskýrslu, sem verður hluti af greinargerð á tillöguupprætti aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags.

6. Skipulagsferli.

Kynning og samráð. Skipulags- og matslýsing þessi verður send Skipulagsstofnun til umsagnar, einnig verður leitað eftir sjónarmiðum annarra viðkomandi umsagnaáðila: Umhverfisstofnun, Minjavernd ríkisins og Vegagerðarinnar. Lýsingin verður einnig kynnt almenningi á heimasíðu Norðurþings og hún hengd upp til sýnis og kynningar á skrifstofum sveitarfélagsins. Þannig gefst almenningi tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við lýsinguna.

Að lokinni tillögugerð verða gögnin auglýst og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum með birtingu þeirra á heimasíðu og á opnu húsi á skrifstofum Norðurþings. Skipulagstillögurnar verður samtímis sendar Skipulagsstofnun og umsagnaáðilum. Auglýstur umsagna- og athugasemdafrestur er 6 vikur.

Auglýsing aðalskiplagsbreytingarinnar og deiliskipulags fer skv. 1. mgr. 31.gr. og 1. mgr.43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 1. mgr. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Tímaáætlun. Ferlið er áætlað sem hér segir:

- | | |
|------------|---|
| 10.02.2015 | Tillaga að skipulags- og matslýsingu lögð fyrir skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings. |
| 17.02.2015 | Tillaga að skipulags- og matslýsingu lögð fyrir bæjarstjórn Norðurþings. |
| 20.02.2015 | Skipulags- og matslýsing auglýst og send lögboðnum umsagnaraðilum til skoðunar. Einnig birt á heimasíðu Norðurþings og hengd upp til kynningar og sýnis á bæjarskrifstofu Norðurþings. Umsagnar- og athugasemdafrestur áætlaður til 06.03.2015. |
| 10.03.2015 | Athugasemdir og umsagnir við skipulagslýsingu til umfjöllunar í skipulags- og byggingarnefnd Norðurþings. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi mótuð ásamt tilheyrandi umhverfisskýrslu til umfjöllunar í bæjarstjórn. |
| 17.03.2015 | Tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi til umfjöllunar í bæjarstjórn. |
| 20.03.2015 | Tillaga að aðalskipulagsbreytingu send til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun. |
| 16.04.2015 | Tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi auglýst til almennra athugasemda. Athugasemdafrestur skv. ákvæðum skipulagslaga. |

- 09.06.2015 Fjallað um athugasemdir við skipulagstillögur og gerðar tillögur að endanlegu skipulagi í skipulags- og byggingarnefnd.
- 16.06.2015 Skipulagstillögur samþykktar í bæjarstjórn Norðurþings.
- 20.06.2015 Samþykkt tillaga að breyttu aðalskipulagi send til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun. Samhliða sent til yfirferðar samþykkt deiliskipulag.
- 30.07.2015 Gildistaka skipulaga auglýst.

7. Heimildir.

Alta, 2010. Aðalskipulag Norðurþings 2010-2030.